



509. fundur stjórnar SASS

**haldinn á Stracta hótelinu á Hellu
miðvikudaginn 18. maí 2016, kl. 17:00**

Mætt: Gunnar Þorgeirsson formaður, Sandra Dís Hafþórsdóttir, Elín Einarsdóttir, Unnur Þormóðsdóttir, Anna Björg Níelsdóttir, Ágúst Sigurðsson, Sæmundur Helgason og Páll Marvin Jónsson. Eggert Valur Guðmundsson forfallaðist. Einnig sat fundinn Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritaði fundargerð og Þórður Freyr Sigurðsson.

Formaður bauð fundarmenn velkomna á fund stjórnar.

Dagskrá:

1. Fundargerð

Fundargerð 508. fundar undirrituð.

2. Starfsáætlun SASS 2016

Vinnufundur um starfsáætlunina hefst á morgun fimmtudaginn 19. maí nk.

3. Almenningsamgöngur

Erindi barst frá Strætó f.h. Hópbíla sem sjá um akstur almenningsamgangna á Suðurlandi. Óskað er eftir breytingu á samsetningu verðbótapátta (samsetningu akstursvísitölu) en slíkt hefði í för með sér nokkra hækkun rekstrargjalda á yfirstandandi ári. Framkvæmdastjóra falið að yfirfara málið.

Staðan og hugmyndir um breytingu á akstri á milli Þorlákshafnar og Hveragerðis með tilkomu vetraráætlunar Strætó. Samhliða þessari breytingu yrði hætt að aka á milli Eyrarbakka og Þorlákshafnar. Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram í málinu.

Breyting á gjaldskrá Strætó, sbr. erindi frá Eyþingi dagsett 20. janúar sl. Tillagan gengur út á að einfalda og samræma afsláttarkjörin þannig að miðaverð fyrir börn, ungmenni og aldraða verði 50% af verði fargjalda fyrir fullorðna. Þannig mun hver miði fyrir hvert gjaldsvæði kosta 210 kr. fyrir framangreinda hópa. Breytingin hefði í för með sér töluverða breytingu en þannig hækka fargjöld hjá unglingum um 40%, hjá börnum um 220% og öryrkjum og öldruðum um 60%. Framkvæmdarstjóra falið að afla frekari gagna.

Framkvæmdastjóri upplýsti að starfshópur um almenningsamgöngur hefur farið yfir og fjallað um umsóknir um viðbótarstyrki til almenningsamgangna á landi vegna markaðs- og þróunarverkefna. Í hlut SASS kom styrkur að fjárhæð 6 m.kr. til markaðs- og kynningarmála, með kvöð um að rannsóknir og markaðs- og kynningarátakið gagnist á landsvísu.

4. **Umsögn um þingsályktun um fjármálaáætlun ríkisins fyrir árið 2017-2021, 740. mál** (<http://www.althingi.is/altext/145/s/1212.html>).

Formanni og framkvæmdastjóra falið að svara erindinu til samræmis við umræður á fundinum og ályktana og umsagna sem stjórnin hefur undanfarið sent frá sér.

5. **Önnur mál til kynningar, umræðu og afgreiðslu**

a) Úthlutun úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands og áhersluverkefni

Formaður verkefnastjórnar Sóknaráætlunar og verkefnisstjóri kynntu niðurstöðu um fyrri úthlutun Uppbyggingarsjóðs Suðurlands árið 2016. Sjóðnum bárust samtals 137 umsóknir. Fagráðin tvö hafa farið yfir innsendar umsóknir og metið þær. Verkefnisstjórn hefur jafnframt fjallað um þær á fundi. Verkefnisstjórn leggur til að úthlutað verði samtals um 38 m.kr. til 87 verkefna og það skiptist þannig að úthlutað verði um 19 m.kr. til 31 nýsköpunarverkefna og um 19 m.kr. til 56 menningarverkefna.

Stjórnin staðfesti fyrirbyggjandi tillögur verkefnastjórnar Sóknaráætlunar Suðurlands um úthlutanir úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands.

Stjórnin staðfesti jafnframt eftirfarandi áhersluverkefni Sóknaráætlunar:

- Skaftárhreppur til framtíðar
- Málþing um framtíð háskólamenntunar á Suðurlandi
- Markaðsgreining Suðurlands, annar áfangi
- Atlas kortagerð

b) Ísland ljóstengt

Formaður og framkvæmdastjóri fór yfir samráðsfund sem landshlutsamtökin héldu með Haraldi Benediktssyni Alþingismanni og fulltrúum innanríkisráðuneytisins. Skipst var á skoðunum um hvernig til hefði tekist og hver næstu skref ættu að vera.

Næsti fundur verður haldinn föstudaginn 5. ágúst nk. kl. 12:00.

Fundi slitið kl. 14:55

Gunnar Þorgeirsson
Sandra Dís Hafþórsdóttir
Unnur Þormóðsdóttir
Elín Einarsdóttir
Sæmundur Helgason
Anna Björg Níelsdóttir
Páll Marvin Jónsson
Ágúst Sigurðsson
Bjarni Guðmundsson